

Gátlisti tengiliðar 1.2.

Kynning á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns

Ég hef útskýrt fyrir fjölskyldunni eftirfarandi atriði.

- ___ Að lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hafi tekið gildi í janúar 2022
- ___ Markmið laganna hafi verið að brjóta niður múra á milli kerfa til að auðvelda samvinnu í þágu farsældar barns. Bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Að þjónusta við börn fari í skýrari farveg.
- ___ Að nú sé kominn aðili í nærumhverfi barns sem hafi skilgreint hlutverk og eigi að veita upplýsingar og ráðgjöf því flókna umhverfi sem foreldrar geta fundið sig í þegar börn þurfa einstaklingsmiðaðan og snemmtækan stuðning. Þessir aðilar kallast tengiliðir og málstjórar.
- ___ Að þjónustu í farsældinni sé skipt upp í þrjú stig. Þetta þýði ekki að barnið flytjist á milli stiga heldur þjónustan. Barn getur fengið þjónustu á fleiri en einu stigi í einu. Það eiga til dæmis öll börn rétt á almennri grunnþjónustu.
- ___ Ég hef útskýrt hlutverk tengiliðar:
 - Talar við foreldri og barn, ráðleggur og leiðbeinir
 - Tekur við beiðni foreldra um samþættingu ef þörf er á þjónustu umfram þá sem er veitt á fyrsta stigi
 - Skipuleggur og samþættir þjónustu á fyrsta stigi
 - Kemur máli til málstjóra eftir atvikum
- ___ Að tengiliður starfi á grundvelli beiðni um samþætta þjónustu.
- ___ Hvernig lögð er fram beiðni um samþætta þjónustu á þar til gerðu eyðublaði.
- ___ Hvernig meðferð persónuupplýsinga verði háttað.
- ___ Að þjónustan er valkvæð. Barn og foreldrar eigi rétt á þjónustu þó foreldrar óski ekki eftir samþættingu. Þau fá ráðgjöf um næstu skref og gagnleg úrræði. Þjónustan verður hins vegar ekki samþætt og hlutverk tengiliðar dettur út.